



# Framkvæmda- fréttir 01. tbl. /04



Í síðasta tölublaði var grein um nýja Þjórsárbrú. Þessi mynd sýnir eldri brúna í byggingu og elstu brúna í baksýn. Smíðin hófst 1948, brúin var vígð 10. nóvember 1949 og hún var svo máluð 1950. Á bls. 6 er fréttatilkynning vegamálastjóra eftir þá brúargerð og fleiri myndir.

## Auglýsingar útboða

### Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi, eftirlit 04-001

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð 1. áfanga Arnarnesvegar um Leirdal. Í verkinu felst eftirlit með gerð Arnarnesvegar frá Fífuhvamsvegi að tengibraut að Hörðuvöllum, byggingu þrenna undirganga, lagningu göngu- og reiðstíga, mótun hljóðmana auk annars frágangs.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. október 2004.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 12. janúar 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. janúar 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður þriðjudaginn 3. febrúar 2004 kl. 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

### Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi 03-101 (sjá yfirlitsmynd í opnu)

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi, óskar eftir tilboðum í verkið „Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi“.

Verkið felst í að leggja tvær akreinar Arnarnesvegar frá Fífuhvamsvegi að tengibraut að Hörðuvöllum, að byggja þrenn undirgöng, leggja göngu- og reiðstíga, móta hljóðmanir auk annars frágangs.

Helstu magntölur í veghluta eru:

Skeringar í laus jarðlög	74.500 m <sup>3</sup>
Bergskeringar	800 m <sup>3</sup>
Fylling og neðra burðarlag	55.000 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag	4.430 m <sup>3</sup>
Malbik	13.950 m <sup>2</sup>

Helstu magntölur steyptra mannvirkja eru:

Mótafletir	1.370 m <sup>2</sup>
Steypustyrktarjárn	34.000 kg
Steinsteypa	310 m <sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 12. janúar 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl 14:00, þriðjudaginn 27. janúar 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 01. tbl. 12. árg. nr. 358 9. jan. 2004

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-  
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,  
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og  
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem  
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.  
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.  
Áskrift er endurgjaldslaus.



Rögnvaldur Jónsson  
framkvæmdastjóri tæknisviðs  
Vegagerðarinnar skrifar

## Vegagerð í Suður-Afríku

Í lok október 2003 sótti ég ásamt fleiri vegagerðarmönnum ráðstefnu um vegagerð sem haldin var í Durban í Suður-Afríku. Í framhaldi af ráðstefnunni kynnti ég mér m.a. umferðaröryggismál hjá suður-afrísku vegagerðinni, the South African National Roads Agency Limited, hér nefnd SAV.

Suður-Afríka er mjög stórt land og vegakerfið er um 500 þúsund km. Þar af sér SAV um rúmlega 9.000 km. SAV hefur óskað eftir því að þjóðvegirnir verði lengdir í 20.000 km til að allar helstu samgönguleiðir verði undir einni stjórn. Á þessum 9.000 km er tæplega 60% af allri umferð í landinu. Vegirnir sem SAV sér um skiptast niður í tollaða og ótollada vegi. Ríkið fjármagnar nýbyggingar fyrir ótollada vegi og fjármagnar einnig viðhald og rekstur þeirra samkvæmt sérstöku samkomulagi við SAV sem byggist á kerfi sem reiknar út fjárförf til viðhalds og reksturs. Fyrir tollada vegi eru notaðar mismunandi aðferðir allt frá því að verktakar fjármagni, byggi og reki vegi og beri alfarið ábyrgð til fullrar ríkisábyrgðar á þeim vegum sem verktakar sjá um.

SAV hefur sett sér framtíðarsýn og markmið. Framtíðarsýnin er sú að vegagerð í Suður Afríku verði viðurkennd í fremstu röð af þjóðum heimsins. Hugsjónin er sú að SAV verði alfarið rekin á viskiptalegum grunni þar sem viðskiptavinir hennar greiði allan kostnað. Markmiðin eru mörg og m.a. er eitt þeirra að vegirnir verði öruggir fyrir alla vegfarandur. Hún hefur einnig sett sér ellefu eftirfarandi árangursmarkmið skipt í fjögur svið.

**Vegakerfið:** Sett eru markmið um sléttleika veganna, mesta dýpi hjólfara, viðnám slitlaga og gæði brúa

**SAV:** Sett eru markmið um innri vexti af þeim fjármunum sem varið er til nýbygginga, til stjórnunar, hlutfall einkafjármögnunar af fjárveitingum til vega, fjárveitingar til viðhalds og reksturs og varðveislu verðmæta veganna.

**Vegirnir og vegfarendurnir:** Ánægja vegfarenda með vegina og þjónustuna

**Þróun umferðar:** Hlutfall vegfarenda sem aka vegi í umsjá vegagerðarinnar samanborið við heildarumferð.



Vegarkafli í Riverdale þar sem slys voru áður tíð en hefur nú verið lagfærður.

SAV er sjálfstætt starfandi í eigu ríkisins. Til að stjórna henni er sjö manna stjórn og framkvæmdastjóri. Aðalskrifstofur SAV eru í Pretoríu og skiptist starfsemin þar í fjármála-deild, verkfræðideild og þjónustudeild sem m.a. á að sjá um að umdæmi vinni á samræmdan hátt. Umdæmin eru fjögur og er eitt þeirra í Höfðaborg. Starfsemi umdæmanna skiptist í hönnun og gerð nýrra vega, viðhald og rekstur og að lokum í fjármál og þjónustu.

Ég heimsótti skrifstofu umdæmisins í Höfðaborg og átti þar fund með umdæmisstjóranum Cobus Van Der Walt og deildarstjóra umferðaröryggis umdæmisins Randall Cable. Á skrifstofunni vinna 20 manns sem sjá um 2.000 km af þjóvegum sem falla undir umdæmið. Af þessum 20 starfsmönnum eru sex verkfræðingar. Við fyrstu sýn fannst mér merkilegt hve fáir vinna á skrifstofunni en það skýrðist þegar þeir greindu frá starfseminni. Öll verk eru unnin af ráðgjöfum og verktökum. Umdæmið tekur ákvörðun um viðhaldsverk á grundvelli viðhaldsstjórnunarkerfis og þjónusta er rekin samkvæmt þjónustustöðlum. Gerð nýrra vega er ákvörðuð af stjórnvöldum. Hlutverk umdæmisins er að semja við ráðgjafa um verk og sjá til þess að þau séu unnin eins og samningar kveða á um. Ráðgjafar undirbúa, hanna, gera útboðsgögn, semja við verktaka og hafa eftirlit með verkum. Viðmælendur mínir töldu hagkvæmt að sami ráðgjafi byði út verk og hefði eftirlitið. Umdæmið tekur ákvörðun um útboð verka og býður út. Það kom fram hjá þeim að velja þyrfti ráðgjafana með kostgæfni þar sem þeim væri falin svo mikil ábyrgð. Til að tryggja að vegirnir séu þjónustaðir eins og staðlar kveða á um eiga verktakar daglega að láta aka þá vegi sem þeir bera ábyrgð á og gera við það sem hefur farið afлага. Ráðgjafarnir sem sjá um eftirlitið láta aka vegina annan hvern dag og skrá allar athugasemdir niður sem síðan eru notaðar til uppgjörs við verktakana en sektir eru háar ef verkum er áfátt.

Vegir í Suður-Afríku eru almennt góðir og allir umferðarmestu vegirnir malbikaðir. Hraðbrautir eru í borgum og út frá þeim þar sem umferð er mikil. Þegar þeim lýkur taka við tveggja akreina vegir með breiðum öxlum af sömu gerð og Svíar eru að útrýma vegna fjölda slysa. Á þessum tveggja akreina vegum og hraðbrautum er leyfður hraði yfirleitt 120 km/klst. Þar sem að þeir telja að vegirnir þola ekki þann hraða er dregið úr hraða með merkingum. Mikið er um hraðakstur á vegunum en SAV hefur sett upp margar fastar myndavélar sem mæla hraða bíla. SAV eða sveitarfélög semja við verktaka um uppsetningu vélanna og rekstur þeirra. Verktakinn kostar uppsetninguna og reksturinn og fær greitt af hluta þeirra sekta sem eru greiddar vegna hraðaksturs. Nægilegt er að taka mynd af númeri bílsins og er eigandi bílsins ábyrgur og verður að greiða sekt gefi hann ekki upp hver ók bílnum. Það vakti eftirtekt mína hvað mikið var um merki sem vara ökumenn við því að framundan væru myndavélar. Þar sem SAV hefur ákvörðunarvald yfir því hvar myndavélar eru settar upp þá dregur hún úr hraða með merkingum á hættulegum stöðum og setur upp myndavélar í stað þess að gera mjög kostnaðarsamar aðgerðir til að lagfæra viðkomandi stað.

Bílaflotinn er yfirleitt nýlegur en þónokkuð er um gamla og lélega bíla. Bílar eru skoðaðir þriðja hvert ár en eftirlit með því er ekki í góðu lagi. Notkun bílbelta er frekar lítil og nokkuð um ölvunarakstur. Vegirnir eru notaðir sem göngustígar og sá ég að fólk notaði axlirnar og vegkanta til að ganga á. Mikið er um að fólk gangi yfir hraðbrautirnar og aðra umferðarmikla vegi. Fólk er flutt í þónokkrum mæli óvarið á vörubíspöllum og pallbílum á milli vinnustaða.

Umferðaröryggismál Suður-Afríku eru ekki í góðu lagi. Dauðaslys eru um 12.000 á ári eða um 28 fyrir hverja 100.000 íbúa sem er um þrisvar til fjórum sinnum hærra en í Vestur-Evrópu. Helstu orsakir þessara slysa eru árekstrar og slys á gangandi vegfarendum. Lesa mátti í dagblöðunum næstum daglegar frásagnir af árekstrum á milli flutningabíla og minni bíla þar sem margir dóu í hverjum árekstri. Ástæður þessa voru að bílstjórar sofnuðu, bílar voru ekki í lagi eða yfirhlaðnir. Mikið er um að ekið sé á fólk sem er að ganga yfir vegina og er þá næstum víst að viðkomandi deyr. Stjórnvöld hafa tekið á þessum málum af fullri alvöru og gefið út umferðaröryggisáætlun fyrir árin 2001 til 2005 og stefna að því að fækka dauðaslysum um 5% á ári til ársins 2005. Þessi áætlun er um margt fróðleg og tekur heildstætt á málum. Helstu markmið áætlunarinnar er að fræða fólk um umferðaröryggismál og þýðingu umferðaröryggis, bæta menntun öku- manna og fá fólk til að fara eftir lögum og reglum þar um.

Að lokum vil ég nefna eftirtalin atriði sem mér fundust áhugaverðust:

- SAV hefur sett sér framtíðarsýn og skýr markmið sem eru mælanleg og er árangur metinn á hverju ári. Á síðasta ári náðust öll markmiðin
- SAV sér eingöngu um að þau verk sem henni eru falin séu gerð og fullnægi settum kröfum. Öll verk eru unnin af ráðgjöfum og verktökum.



*Cobus Van Der Walt undæmisstjóri, Rögnvaldur Jónsson og Randall Cable deildarstjóri umferðaröryggis.*

- Suður-Afríka er einna lengst komin af þjóðum heimsins að nýta sér einkafjármögnun til opinberra framkvæmda annað hvort eingöngu eða í samstarfi við ríkið.
- Þar sem að SAV hefur ákvörðunarvald um uppsetningu myndavéla þá metur hún hvort hagkvæmara sé að setja upp myndavélar eða lagfæra viðkomandi veg- eða vegarkafila. Notkun myndavéla er því orðin hluti af hönnun vega. Með því má spara mikið fé og ná meiri árangri sé á heildina litið.

## Auglýsingar útboða

### Kringlumýrarbraut – Miklabraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum 03-100

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi og Umhverfis- og tækni- svið Reykjavíkur óska eftir tilboðum í frumdrög hönnun- ar og umhverfismat vegna framkvæmda við gatnamót Kringlumýrarbrautar/Miklubrautar og Kringlumýrar- brautar/Listabrautar í Reykjavík. Gert verður ráð fyrir þriggja hæða gatnamótum á Kringlumýrarbraut/Miklu- braut og tveggja hæða gatnamótum á Kringlumýrarbraut- /Listabraut. Annar valkostur verður plangatnamót á báð- um stöðum. Frumdrög hönnunar skal byggja á áfanga- skýrslu frumdraga. Frumdrögum hönnunar og mati á umhverfisáhrifum skal lokið fyrir 13. desember 2004.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlu- tum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 13. jan- úar 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðju- daginn 3. febrúar 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður á sama stað þriðjudaginn 10. febrúar 2004 kl. 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.

### Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit 03-098

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Hringvegar í jarðgöngum undir Almannaskarð. Um er að ræða eftirlit með verkinu „Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð“ þar sem byggð verða um 1.146 m löng tvíbreið jarðgöng ásamt 162 m löngum vegskálum ásamt endur- og nýbyggingu vegar á 4,1 km löngum kafila norðan og sunnan gang- anna.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og verða tilboð opnuð 27. febrúar 2004. Gert er ráð fyrir að fram- kvæmdir hefjist vorið 2004 og að þeim ljúki í júní 2005.

Val bjóðanda í eftirlit fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánu- deginum 12. janúar 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 10. febrúar 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður á sömu stöðum þriðju- daginn 17. febrúar 2004 kl. 14:15 þar sem lesnar verðar upp einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.



## Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi

Í þessu blaði er auglýst útbod hluta Arnarnesvegar þar sem hann liggur um Leirdal í Kópavogi.

Bráðabirgðatengingar eru á báðum endum, annarsvegar við Fífuhvammsveg og hinsvegar við Hörðuvelli.



## Þjórsárbrú 1949

Í síðasta tölublaði var greint frá vígslu nýrrar Þjórsárbrúar. Af því tilefni er hér rifjuð upp fréttatilkynning vegamálastjóra frá vígslu gömlu brúarinnar sem byggð var 1949. Myndirnar tók Sigurður Björnsson brúasmiður en nú er unnið að skönnun á stóru myndasafni Sigurðar sem Vegagerðin fékk lánað hjá afkomendum hans.

### Greinargerð um byggingu brúar á Þjórsá

Tilhögun brúarinnar er þessi: Í aðalhafi er 83,0 m stálgrindabogi, en við báða brúarsporða eru 12,0 m landhöf á stálbitum, en öll lengd brúargólfs verður 109,0 m. Gólf brúar er úr járn-bentri steypu og er akbrautin 4,1 m á breidd, en milli handriða eru 4,9 m og er því breiddin rífleg fyrir hin stærstu ökutæki, en ekki nægileg til þess að bifreiðar mætist á brúnni. Þá hefði brúin þurft að vera 1,9 m breiðari og því all miklu



Þessi brú var byggð 1895 en myndin er tekin þegar smíði nýrrar brúar stóð yfir.



Brúargerð 1949. Bærinn Þjótandi til hægri.



Gömul og ný brú, sennilega á vígsludegi 10. nóvember 1949.

dýrari, enda ekki gert ráð fyrir svo mikilli umferð, að þess væri þörf. Burðarþol brúarinnar er miðað við að tveim vögnum, öðrum 25 tonna þungum, en hinum 9 tonna, sé ekið um hana samtímis og með litlu bili milli þeirra. Einnig er burðarþol miðað við, að brúin beri 350 kg þunga á hvern fermeter brúargólfs, eða 120 tonn dreyfð jafnt yfir aðalhafið. Má því aka þéttskipaðri röð bifreiða eftir allri brúnni.

Rannsaðar voru einnig nokkrar aðrar gerðir brúar en stálgrindabogi, sem helst komu til greina, svo sem hengibrú og venjulegur stálgrindabiti, en stálgrindabogi var valinn, þar eð sýnt þótti, að kostnaður við þá gerð yrði mun lægri en við aðrar gerðir, enda þurfti þá minnst magn byggingarefnis og erlends gjaldeyris.

Helstu vandkvæði á smíði slíkrar brúar voru þau, að áin er það straumhörð, að ekki er viðlit að koma verkpöllum fyrir í farveginum, en stálgrindaboginn hafði þann kost fram yfir aðrar gerðir járngrindabrúa, að unnt var að koma fyrir þeirri gerð verkpalla, sem nægði.

Brúargólf er í 19,0 m hæð yfir venjulegt vatnsborð og var sú mikla hæð nauðsynleg til þess að ekki yrði of bratt upp brekkuna frá austurenda brúar. Varð því að gera mikla fyllingu, allt að 6,0 m háa, við vesturenda brúar.

Stálgrindabogabru er þannig gerð, að hábogarnir og stálgrindurnar undir brúargólfi bera uppi brúna í sameiningu. Fyrst voru settar upp stálgrindurnar um 28,5 m fram fyrir hvorn stöpul og reistar á verkpöllum, er komið var fyrir ofan á miklum og háum stálgrindum, er stóðu á steypum söklum fremst á árbökkunum. Til þess að koma fyrir 26,0 m löngu miðbiki stálgrindanna voru notaðir 2 sveifflugálgar, sinn frá hvorum enda þessa bils, með 18 metra löngum armi og vóg hvor þeirra 17 tonn. Síðan voru hábogarnir reistir og tengdir við stálgrindurnar. Var þá járnsmíðin fullgerð og verkpalla-grindurnar teknar niður og stálbitar úr þeim notaðir í langbita undir brúargólfið.

Uppdrættir allir um gerð og tilhögun, svo og burðarþols-reikningar eru gerðir af verkfræðingum vegamálastjórnarinnar, þeim Árna Pálssyni yfirverkfræðingi, Ólafi Pálssyni, og Snæbirni Jónssyni. Brúin er smíðuð í Bretlandi í verksmiðjum Dorman, Long & Co., þeim hinum sömu, er smíðuðu m.a. Ölfusárbrúna nýju. Nokkrir breskir brúarsmiðir dvöldu hér frá miðjum maí til ágústloka og settu up brúna, en með þeim vann flokkur íslenskra verkamanna, sumpart frá Landssmiðjunni. Yfirsmiður við stálsmiðina var breskur, en við brúarsmiðina að öðru leyti Sigurður Björnsson.

Við brúargerðina var notað eftirfarandi efnismagn:

Steypa	650 teningsmetrar
Stál	228 tonn
Steypustyrktarjárn	17 tonn
Timbur	4500 teningsfet

Stöplar brúarinnar voru steypdir í ágúst og september 1948. Vinna hófst aftur í miðjum maí í sumar og brúin telst nú fullgerð, þó er enn eftir að ganga til fulls frá nokkrum steypuflötum og mála brúna, en hvort tveggja bíður næsta sumars. Kostnaður við brúargerðina að vegfyllingunni meðtaldri mun verða rúmar 2,6 millj. króna.

Fyrir nokkrum dögum var burðarþol brúarinnar sannprófað þannig, að ekið var á hana 72 tonnum af sandi og dreyft jafnt á 40 metra svæði um miðvik brúar, en það er liðlega tvöfaldað sá hámarksþungi, sem hún er reiknuð fyrir. Við þunga þennan reyndist brúin í samræmi við útreikninga burðarþols.

Reykjavík, 8. nóv. 1949

Geir G. Zoëga

# Útboðsverk 2003

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2003, raðað eftir verktökum í starfrósröð. Samningsfjárhæð er einnig birt.

Verktaki Verk	Tilboðsupphæð
<b>Alverk ehf.</b> 03-043 Kísilvegur (87) um Geitafell	19.931.250
<b>Arnarfell ehf.</b> 03-063 Efnisvinnsla Norðurlandi eystra 2003	30.275.000
<b>Árni Helgason</b> 03-061 Festun og yfirlögn á Norðurlandi eystra og Austurlandi 2003-2004	106.738.990
03-040 Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir	245.498.200
<b>Benedikt Á Benediktsson</b> 02-098 Vatnsnesvegur (711), Tjarnará - Þórsá 2003	9.087.245
<b>Berglín ehf.</b> 03-062 Vetrarþjónusta, Brjánslækur - Bildudalur og bleyting í Barðastrandarsýslu 2003-2006	4.765.000
<b>Borgarverk Borgarnesi ehf.</b> 03-008 Yfirlagnir á Vesturlandi 2003 - 2004	37.450.000
03-007 Festun og yfirlögn á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfirðum og Norðurlandi vestra 2003 - 2004	118.482.300
<b>Byggingarfélagið Byggir ehf.</b> 03-060 Áhaldahús Patreksfirði, viðhald 2003	2.597.500
<b>Eldafell ehf., vélsmiðja</b> 03-020 Jökulsá í Lóni, göngubrú stálsmiði	4.532.382
<b>Eyjólfur Valur Gunnarsson</b> 03-086 Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi 2003-2008	8.350.250
<b>Fjarhitun hf.</b> 03-035 Reykjanesbraut (41) gatnamót við Stekkjarbakka, eftirlit	15.988.500
<b>Fjölhönnun ehf.</b> 01-018 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	41.895.000
<b>Fjörður sf.</b> 03-072 Héraðsdalsvegur (754), styrking - Mælifellsdalsvegur (F756) mölbúður	8.320.128
03-028 Aðaldalsvegur (845), Helgastaðir - Lindahlíð	30.740.520
03-037 Þverárfjallsvegur (744), Skagastrandarvegur - Skúfur	153.779.607
<b>Fossvélar ehf.</b> 03-067 Efnisvinnsla á Suðurlandi 2003	22.850.000
<b>Framrás ehf.</b> 03-083 Hringvegur (1) um Krossá í Fjótshverfi	10.097.080
03-053 Hringvegur (1) um Klifanda, vegur og varnargarðar	15.580.650
<b>Fylling ehf.</b> 03-003 Strandavegur (643), Ásmundarnes - Illaholt	42.018.500
03-045 Vestfjarðavegur (60), Eyrrá - Múli	54.592.000
<b>G. Hjálmarsson hf.</b> 03-042 Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir	36.710.900
<b>GeoTek ehf.</b> 03-026 Fáskrúðsfjarðargöng, eftirlit	142.200.000
<b>Græðir sf.</b> 02-074 Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði	2.372.040
<b>Gröfútækni ehf.</b> 03-050 Skeiða- og Hrunamannvegur (30), Foss - Einhóltsvegur	13.465.250
<b>Gröfupjónusta Bjarna ehf.</b> 03-059 Súgandafjarðarvegur (65) um Staðará	3.784.700
<b>Guðmundur Vilhelmsson</b> 02-100 Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003	7.873.107
<b>Háfell ehf.</b> 02-019 Snæfellsnesvegur (54) um Kolgrafafjörð	546.254.841
<b>Heflun ehf.</b> 03-039 Þjónusta vega, snjómokstur og hálkuvörn í Rangárvallasýslu (Þjórsá - Markarfljót) 2003-2008	40.791.099
<b>Héraðsverk ehf.</b> 03-074 Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	57.752.338
03-075 Norðausturvegur (85), Brekknaheidi - Saurbæjará	74.332.721
03-074 Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur	109.099.357
<b>Hilmar Ólafsson ehf.</b> 03-087 Vetrarþjónusta í Hvalfirði 2003-2008	1.557.996
03-070 Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008	55.108.000
<b>Hönnun hf.</b> 03-057 Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut, eftirlit	17.370.000
<b>Icefox ehf.</b> 03-089 Vetrarþjónusta á Hringvegi (1) um Víkurskarð 2003 - 2008	8.762.000
03-088 Vetrarþjónusta í Eyjafirði 2003 - 2008	8.909.000
<b>Ingileifur Jónsson ehf.</b> 03-058 Vaðnesvegur (3745) frá Biskupstungnabraut að ristarhlíði Vaðness	9.516.500
03-006 Bæjarsveitarvegur (513), Borgarfjarðarbraut - Laugarholt	17.066.000
03-041 Norðausturvegur (85), Öxarfjarðarheiðarvegur - Ámarstaðir	69.650.275
<b>Íslenskir aðalverktakar hf.</b> 03-077 Smíði stálbita 2003	5.128.820
<b>Íslenskir verktakar ehf.</b> 03-046 Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði	27.274.870
<b>Ístak hf.</b> 01-016 Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut	638.368.849

<b>Ístak hf og E. Pihl &amp; Son</b> 01-122 Fáskrúðsfjarðargöng	3.248.761.319
<b>J.V.J. ehf.</b> 02-097 Bræðratunguvegur (359) um Galtalæk	16.693.890
<b>Jarðvélar ehf.</b> 03-016 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka	688.405.193
<b>Jón og Tryggvi ehf.</b> 03-056 Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún 2	2.515.250
03-056 Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún 1	10.742.975
<b>Jöfnun ehf.</b> 03-073 Þingvallavegur (36), veglýsing um Helgafellsmela	6.939.500
<b>Klæðning ehf.</b> 03-012 Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðning	13.613.500
03-001 Djúpvvegur (61), Kleifar - Hestur	328.264.000
<b>Króksverk, ehf.</b> 02-103 Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2003	35.443.000
<b>Kubbur ehf.</b> 03-004 Djúpvvegur (61), Þorskafjarðarvegur - Sóleyjarhvatn	18.844.660
03-048 Djúpvvegur (61), Kamsnes - Álftafjarðarbotn	47.721.000
<b>Loftorka Borgarnesi ehf.</b> 03-034 Ólafsfjarðarvegur (82), niðurrekstrarstaurar fyrir Ólafsfjarðarós	3.919.500
03-027 Snæfellsnesvegur (54) um Kolgrafafjörð, niðurrekstrarstaurar	12.384.360
<b>Loftorka Reykjavík ehf.</b> 03-011 Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik 3	12.160.600
03-011 Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik 1	47.272.500
<b>Malbikunarst. Hlaðbær-Colas hf.</b> 03-011 Yfirlagnir Reykjanesi 2003, malbik 2	35.962.000
<b>Mikael ehf.</b> 03-030 Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Ólafsfjarðarós	32.284.500
02-014 Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	68.970.070
<b>Myllan ehf.</b> 03-066 Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004	47.394.000
<b>Nesey ehf.</b> 03-082 Kjalvegur (35), Háalda-Sandá	13.898.950
<b>Norðurtak ehf.</b> 03-031 Möðruvallavegur (813), Ólafsfjarðarvegur - Möðruvellir	8.327.960
02-102 Siglufjarðarvegur (76) um Hofsa 2003	18.755.400
03-049 Djúpvvegur (61), Forvaði - Þorpar	57.368.050
03-025 Þverárfjallsvegur (744), Strandvegur á Sauðárkróki 2003	76.101.900
<b>Nóntindur ehf.</b> 02-026 Norðausturvegur (85), Hölná - Miðheiðarhryggur	86.973.690
<b>Reynir Baldur Ingvason</b> 03-029 Hafnarvegur Húsavík (859), Norðausturvegur - Norðurgarður	26.981.197
<b>Rósaberg ehf.</b> 03-069 Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar	5.798.500
<b>Ræktunarsamband Flóa og Skeiða</b> 03-036 Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2003	31.000.000
03-055 Villingahóltsvegur (305), Vatnsendi - Þjórsárver	18.958.900
03-021 Yfirlagnir á Austurlandi 2003	32.782.432
<b>Sandvirki ehf.</b> 03-052 Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Prestshús	24.182.355
<b>SG. vélar ehf.</b> 03-097 Jökulsá í Lóni, varnargarðar neðan Hringvegur	14.949.000
<b>Sigurður H. Jónsson</b> 03-019 Hróarstunguvegur (925), Hallfreðarstaðir - Þórisvatn	19.957.000
<b>Sigurjón Hjartarson</b> 03-051 Sólimeiðavegur (354) 2003	10.112.400
<b>Sigurþór Pétur Þórisson</b> 03-005 Efnisvinnsla á Vestfirðum 2003	20.800.000
<b>Stafnafell ehf.</b> 03-071 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðarheidi	28.455.100
03-065 Útnesvegur (574), Saxhóll - Gufuskálamoða	34.022.375
<b>Stakkafell ehf.</b> 03-047 Tálknafjarðarvegur (617) um Sveinseyri	6.688.200
<b>Steypustöð Blönduóss ehf.</b> 02-099 Fitjavegur (714), Ásland - Miðfjarðarvegur	15.425.450
<b>Steypustöð Skagafjarðar ehf.</b> 02-101 Viðimýrarvegur (7681) - Löngumýrarvegur (7691) 2003	8.754.605
<b>Suðurverk hf.</b> 03-094 Hringvegur (1) um Kotá í Örfelum	28.401.000
02-104 Hringvegur (1), Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegur	55.468.000
<b>Tígur ehf.</b> 03-002 Hólmavíkurvegur (67), Djúpvvegur - Höfðatún	16.091.509
<b>Vegamál ehf.</b> 03-024 Yfirborðsmerkingar sérmerkingar í Reykjanesumdæmi 2003 - 2004	19.862.500
<b>Vegmerking ehf.</b> 03-023 Yfirborðsmerkingar með vegmálningu 2003 - 2004	87.032.432
<b>VSÓ - Ráðgjöf ehf.</b> 02-096 Reykjanesbraut (41), breikkun, Hvassahraun - Strandarheidi, eftirlit	15.460.000
03-015 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, hönnun	26.425.000
<b>Vöggur ehf.</b> 03-018 Suðurfjarðarvegur (96), Handarhald - Hundapúfa	7.283.500
<b>Þórarinn Kristinsson</b> 03-054 Úxahryggjavegur (52) um Sandkluffarvatn	31.022.480
<b>Þróttur ehf.</b> 03-044 Skorradalsvegur (508), Dragavegur - Hvammur, 1. áfangi	12.419.000
Samtals	8.414.969.467

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stóðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæðdar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, V:Vesturland, Vf:Vesfirðir, N.v:Norðurland vestra, N.ey:Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-004 VI. Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Nv. Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 VI. Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-016 Ne. Grenivíkurvegur (83), snjóastaðir	04
04-008 Nv. Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	04
04-019 Ne. Brekkuselsvegur, skíðasvæðið á Dalvík	04
04-018 Ne. Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
03-033 Ne. Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Hörgá	04
03-005 Nv. Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	04
04-014 Nv. Klæðingar á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-013 Nv. Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-007 Nv. Þverárfjallsvegur (744), Tunga - Sauðárkrókur 2004-2005	04
04-012 Nv. Landgræðsla á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-010 Nv. Efríbyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	04
04-017 Ne. Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut	04
04-009 Nv. Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005	04
04-011 Nv. Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004	04
04-002 VI. Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	04
04-015 Nv. Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	04
04-090 Sl. Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Sl. Hringvegur (1) við Hellu	04
03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	04
03-095 Au. Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04
01-017 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	04
03-091 Sl. Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	04
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084 Rn. Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	04
03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04
03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi	04
03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar	04

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
03-098 Au. Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit	12.01.2004	10.02.04
03-100 Rn. Kringlumýrarbraut - Miklabraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum	12.01.2004	03.02.04
03-101 Rn. Arnarnesvegur (411) um Leirdal, 1. áfangi	12.01.2004	27.01.04
04-001 Rn. Arnarnesvegur (411) um Leirdal, eftirlit	12.01.2004	27.01.04
03-064 Au. Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð	08.12.03	27.01.04
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-014 Rn. Hringvegur (1), gatnamót við Nesbraut, hönnun	01.12.03	23.12.03
03-096 Sl. Markarfljót, varnargarðar neðan Hringvegur	01.12.03	16.12.03
03-081 Au. Hringvegur (1) um Össurá og Hlíðará í Lóni	20.10.03	04.11.03
Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
03-093 VI. Grundartangavegur (506), Hringvegur - hafnarsvæði <i>Þróttur ehf.</i>	02.12.03	02.01.04
03-097 Au. Jökulsá í Lóni, varnargarðar neðan Hringvegur <i>SG vélar ehf., Djúpavogi</i>	11.11.03	19.12.03

## Niðurstöður útboða


### Hringvegur (1), gatnamót við Nesbraut, hönnun

03-014

Tilboð opnuð 6. janúar 2004. Reykjanesumdæmi. Tilboð í for- og verkhönnun á 1. áfanga á mislægum gatnamótum Hringvegur og Nesbrautar ásamt tilheyrandi römpum og brú. Val ráðgjafa fer fram á grundvelli hæfnisvals og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni ráðgjafa og verðtilboð. Um verkið gilda Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf, ÍST 35, 1. útgáfa 1992-03-01. Verkið er boðið út á evrópska efnahagssvæðinu. Forhönnun skal lokið fyrir 29. mars 2004. Verkhönnun skal lokið fyrir 14. júní 2004.

Tilboðum er raðað eftir stafrófsröð bjóðenda

nr. Bjóðandi	Hæfnismat (einkunn)	Tilboð (þús.kr.)
Fjölhönnun ehf.	61	19.825.500
Hnit hf.	62	18.807.900
Hönnun hf.	63	20.107.500
Línuhönnun hf.	62	19.968.000
Verkfræðistofa Norðurlands ehf.	59	38.699.500
VSÓ - Ráðgjöf ehf.	64	25.264.500



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 5. janúar 2004. Samtals er búið að sprengja 2.446 m sem gerir 43%.